

# KJARVAÐ



399 HR. PH.  
Grillborgar  
m/brauð 4 stk.

36%  
afsláttur



449 HR. KG.  
Móa Kjúklingur  
ferskur 1/1



898 HR. KG.  
Hóla Hamborgar-  
hryggur m/beini



199 HR. PH.  
Náttúra  
Jöklasalat



249 HR. PH.  
Super Kartöflubátar  
og Kartöfluskífur



20%  
afsláttur  
Úrval af  
Goða áleggji



169 HR. PH.  
Super Baguette  
m/hvítlauk



169 HR. STK.  
Myllu  
Brallarabrauð



998 HR. PK.  
Ariel  
Puottaefni 2,85 kg.



99 HR. STK.  
Fireball  
Orkudrykkur



199 HR. PH.  
Góu  
Hraunbitar



129 HR. STK.  
Egils Appelsín  
eða Mix 2l.



99 HR. STK.  
MS Pykkmjólk  
500ml.

- ÞÍN TILBOÐ -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**



Félag eldri borgara í Mýrdal  
og Vestur-Eyjafjöllum  
**SAMHERJAFÉLAGAR**  
fyrsta samvera vetrarins verður í  
Leikskálum fimmtudaginn  
**4. október kl. 15**

60 ára og eldri eru  
velkomnir í félagið  
Stjórnin

**Félag eldri borgara  
í Skaftárhreppi.**

Hefjum nú vetrarstarfið með  
fundi á Hótel  
Kirkjubæjarklaustri  
**mánudaginn 8. október  
kl. 13.30**

Nýir félagar velkomnir  
Stjórnin

## Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á  
Heilsugæslustöðinni í Vík  
föstudaginn 5. október 2007  
Tímáptanir í síma 480 5340

## Í tilefni

af Menningarveislu í Mýrdalnum bjóðum  
við í Norður-Vík frítt uppbúið rúm og  
morgunverð þegar gíst er 2 nætur eða lengur  
dagana 4. - 8. október. Aðeins er greitt  
svefnpokaverð.

Með kveðju  
Æsa og Práinn - Norður-Vík  
s: 4871106 / 8672389  
[vik@hostel.is](mailto:vik@hostel.is)

**Til eigenda og/eða  
umráðamanna lands í  
Mýrdalshreppi**

Hér með er minnt á eftirfarandi ákvæði  
Fjallskilasamþykktar nr 360/2006.  
Hver eigandi eða umráðamaður lands er  
skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar  
en viku fyrir auglýstan hrútafellingardag og  
það eins þó landeigandi eða  
umráðamaður eigi þar ekki fjár-  
von sjálfur.

Sveitarstjóri



SMÁUGLÝSINGAR

## Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 -2014

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 20. ágúst 2007 að auglýsa til kynningar eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. samkv. 1. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Skaftárhreppur - Aðalskipulag 2002-2014  
Breyting á aðalskipulagi í landi Dalshöfða

Í breytingartillögunni felst að gert er ráð fyrir allt að 2,5 MW vatnsaflsvirkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í landi Dalshöfða. Landnotkun við fyrirhugaða virkjun breytist úr óbyggðu svæði í Iðnaðarsvæði ( I2) sem verður 5 ha að stærð. Virkjunin felur í sér gerð stíflu og inntaksmannvirkja lagningu þrýstípípu, byggingu stöðvarhúss og gerð frárensliskurðar frá stöðvarhúsi út í Hverfisfljót. Nýr 7 km vegasslóði verður lagður í austurjaðri Skaftáreldahrauns frá heimreið Dalshöfða að stöðvarhúsi og mun vegurinn þvera Hverfisfljót með brú skammt suðverstur af Dalshöfða.

Skipulagsuppráttur með greinargerð ásamt umhverfisskýrslu "Umhverfismat breytingar á aðalskipulagi í landi Dalshöfða í Skaftárhreppi" og umsögnum Umhverfisstofnunar dags 3. júlí 2007, Fornleifaverndar ríkisins dags 22. maí 2007, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 23. maí 2007, Orkustofnunar, dags. 30. nóvember 2006 og 21. maí 2007, Landgræðslu ríkisins dags, 7. júní 2007 og Landsnets/ Rarik, dags 11. júní og 12 júní 2007 munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166 Reykjavík. frá 3 október 2007 til 31 október 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur í síðasta lagi 14. nóvember 2007 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

## Regnboginn - List í fögru umhverfi

Menningarveisla í Vík 5.-7. október 2007

Veislan hefst kl. 20:00 föstudaginn 5. okt. á Hótel Lunda með opnun sýningar frá Byggðasafninu á Skógum í tilefni 120 ára afmælis verslunar í Vík.

Sigþór Sigurðsson flytur erindi og léttar veitingar í boði Mýrdalshrepps



Sýningar verða á eftirtöldum stöðum um helgina.

- \* Víkurskáli - Ljósmyndir
- \* Hjallatún - Ljósmyndir og handverk
- \* Halldórskaffi - Myndlist
- \* Leikskálar - Myndlist og handverk
- \* Götulist víða um þorpið frá nemendum grunnskólans

Nánari dagskrá Regnbogans og upplýsingar á heimasíðu Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is)

*Gledilega hátíð og góða skemmtun*

*Nefndin.*



### Kæru Mýrdælingar!

Verð starfandi við Heilun og höfuðbeina-og spjaldhryggjarmeðferð  
**6. og 7. október** í  
Presthúsum.

*Upplýsingar og tímapantanir í síma 849-3393 og 471-1827.*

*Með kærleikskveðju  
Sóley Rut*

**Unnið hefur verið úr tilnefningum sem bárust vegna Umhverfisviðurkenningar 2007.**

Niðurstöður verða kynntar og viðurkenning afhent í Leikskálum laugardaginn 6. október n.k. á menningarhátíðinni Regnboganum.

**Umhverfis- og náttúruverndarnefnd  
Mýrdalshrepps**



## Námskeið á vegum Rauða krossins

fyrir heimsóknavini verður haldið á Ströndinni í  
Víkurskála þriðjudaginn 16. október 2007 kl. 18-21

### Upplýsingar veita

Elsa í síma 848 3826

og Jóhanna svæðisfulltrúi í síma 864 6752

og taka við bókunum.

Einnig er hægt að fá upplýsingar á heimasíðu Rauða krossins

<http://www.redcross.is> og bóka sig þar

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

*Víkurdeild Rauða krossins*

## Hreinsun rotþróa



Hreinsunarbíll frá Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands  
verður á ferð um Mýrdalinn í vikulokin.

Húseigendur eru hvattir til að nota tækifærið og láta hreinsa rotþrær sínar á  
viðurkenndan hátt. Kostnaður er kr. 12.000 + vsk pr. rotþró.

Þeir sem hafa hug á að nýta þessa þjónustu hafi samband við skrifstofu  
Mýrdalshrepps í síma 4871210 fyrir hádegi fimmtudaginn 4. október.  
Síminn er opin kl. 10-12 og 13-15.

Til athugunar:

Almennt er mælt með að rotþrær séu hreinsaðar á tveggja ára fresti.

Hreinsunarbíllinn er stór og þungur og ekki er hægt að gera ráð fyrir að hann fari  
út fyrir vegi eða trausta slóða. Bíllinn er með um 50 m sogbarka.

Sveitarstjóri

## Laust starf hjá Mýrdalshreppi



Framtíðarstarf í Íþróttamiðstöðinni í Vík.

*Starfsmaður í íþróttamiðstöð - vaktavinna.*

Starf í íþróttamiðstöð er tilvalinn starfsvettvangur  
fyrir fólk sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu  
umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og  
þjónusta viðskiptavini.



### Hæfniskröfur:

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast  
fólk og hafa góða þjónustulund og standast hæfnis-  
próf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.

*Umsóknarfrestur er til 15. október 2007.*

Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Launanefndar  
sveitarfélaga.

### Nánari upplýsingar:

Skrifstofa Mýrdalshrepps sími 487-1210 mánudaga - föstudaga  
10:00-12:00 og 13:00 - 15:00. Skriflegar umsóknir berist á  
skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða á netfangið  
[tomstundafulltrui@vik.is](mailto:tomstundafulltrui@vik.is)

## Íbúðarhús til sölu

Íbúðarhúsið að Austurvegi 6 í Vík er til sölu. Húsið er steinsteypt, byggt  
árið 1959 og er mikið endurnýjað. Íbúðin er 170,9 m<sup>2</sup> að stærð auk 39,7  
m<sup>2</sup> bílskúrs eða alls 210,6 m<sup>2</sup>. Brunabótamat eignarinnar er 31,2 millj. kr.

*Nánari upplýsingar gefur Sveinn í síma 864 4647*

## Væri ekki gott að losna við þriffin að hluta eða alveg?...

Við erum tvær Pólskar stúlkur sem vinnum í Víkurskála og erum til í að taka að okkur, í auka verkum, þríf eða ýmislegt þess háttar fyrir fólk sem þess óskar.  
*Áhugasamir hafið samband við Vilborgu í síma: 867-1486.  
Með kveðju Kaisa og Anja.*

## Leirbrot og Gler *Nytjalistvörur úr leir og gleri.*

**Opið laugardag og sunnudag kl. 11:00-20:00**

Í tilefni af menningarveislu verður boðið uppá rófusúpu frá Þórisholti á laugardag. **Kl. 13-15.**

*Verið velkomin Leirbrot og Gler - Guðrún Sig. - Bakkabraut 6 Vík*

## BÖRN OG UMHVERFI

### Námskeið 15.19. október

Víkurdeild Rauða kross Íslands og Félagsmiðstöðin OZ bjóða þeim sem fæddir eru árið 1996 og fyrr að taka þátt í námskeiðinu Börn og Umhverfi (gamla barnfóstrunámskeiðið). Kennt verður vikuna 15.-19. okt. n.k. Leiðbeinendur verða Aðaheiður Sigþórsdóttir leikskólustjóri og Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur. Skráning og nánari upplýsingar hjá Sveini Þorsteinssyni formanni Víkurdeildar s: 868-6441 fyrir 6. okt. Þetta frábæra námskeið verður einungis haldið ef næg þátttaka næst.

Námskeiðsgjald er 2.000 kr.

 **Rauði kross Íslands**  
Víkurdeild

Víkurdeild



## Breyttur opnunartími í Víkurskála

Frá og með 1. október er opnunartími sem hér segir:

### Víkurskáli:

mán. - föst. 09:00 - 20:00  
lau. 10:00 - 20:00  
sun. 11:00 - 20:00



### Víkurgrill:

alla daga 11:30 - 19:30



### Vínbúðin:

mán. - fim. 17:00 - 18:00  
föst. 16:00 - 18:00

*Með kveðju, Elli og Vilborg*

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

**Kirkjuskólinn í Mýrdal hóf vetrarstarf sitt um síðustu helgi.  
Næsta samvera Kirkjuskólans er í Víkurskóla  
laugardaginn 6. október 2007, kl. 11:15 - 12:00.**

Í vetur notum við kennsluefni sem heitir: Kirkjubókin mín - sagan af Danna og Birtu. Í bókinni eru skemmtilegar sögur og myndir auk þess sem á hverri opnu er kynnt eitt lag sem samið hefur verið fyrir barnastarf kirkjunnar.

Sum löggin eru alveg ný, en önnur gömul og þekkt.

Við eigum líka von á heimsóknum brúðanna frá fyrri árum, svo sem

Rebba refs, Guðfinnu spæjara, Sólveigar, Engilráðar, Fróða gamla, Mýslu og Músapésa. Kannski kemur Engilráð andarungi einnig í heimsókn og hugsanlega Axel og Ösp.

Í hverri samveru heyrum við biblúsögu dagsins, hlustum á framhaldssögu, horfum á brúðuleikrit, syngjum og litum svo skemmtilegar myndir eða leysum verkefni.

Krakkar!

Ég hvet ykkur til að vera dugleg að mæta í vetur.

Þið megið endilega segja fullorðna fólkinu að það sé

líka alltaf velkomið og að allir geti lært eitthvað skemmtilegt í Kirkjuskólanum.

Hittumst næsta laugardag, hress og kát. Sjón er sögu ríkari.

*Kær kveðja*

*Haraldur sóknarprestur*